

SKÝRSLA TILNEFNINGARNEFNDAR REITA FASTEIGNAFÉLAGS HF. TIL AÐALFUNDAR 2024

Hlutverk og verkefni

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf. (Reita) er ætlað að undirbúa stjórnarkjör á aðalfundi félagsins og gera rökstudda tillögu um frambjóðendur til stjórnar. Tillögur nefndarinnar skulu miða að því að stjórn félagsins sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi að fjölbreyttri þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar í á hverjum tíma. Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart hluthafafundi við val á stjórnarmönnum félagsins og skal hún í störfum sínum hafa heildarhagsmuni allra hluthafa félagsins að leiðarljósi.

Starfsreglur nefndarinnar

Núgildandi starfsreglur nefndarinnar voru upphaflega samþykktar á aðalfundi félagsins 11. mars 2020 og fylgja þær skýrslu þessari í viðauka II. Tilnefningarnefnd hefur gert tillögu til breytingar á starfsreglum og fylgir sú tillaga í viðauka III. Þeim til viðbótar vill nefndin koma því á framfæri að í samtölum við hluthafa kom fram það sjónarmið að skoða mætti núverandi reglur um skipan tilnefningarnefndar bæði með tilliti til meiri aðkomu hluthafa að tilnefningu nefndarfólks og hvort taka eigi fram að stjórnarmönnum sé ekki heimilt að sitja í nefndinni. Þessum tillögum hefur jafnframt verið komið á framfæri við stjórn félagsins.

Skipan nefndarinnar

Á aðalfundi Reita þann 8. mars 2023 var staðfest skipan þeirra Berglindar Óskar Guðmundsdóttur, lögfræðings og ráðgjafa, Hilmars Garðars Hjaltasonar, ráðgjafa og Margretar G. Flóvenz, endurskoðanda og háskólakennara, í tilnefningarnefnd félagsins. Þau eru öll óháð félaginu, daglegum stjórnendum, og stórum hluthöfum þess.

Starf nefndarinnar

Nefndin hóf störf í nóvember og skipti með sér verkum og gerði áætlun um starf sitt. Margret G. Flóvenz er formaður nefndarinnar. Nefndin hefur notið aðstoðar Ragnheiðar Margrétar Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs við störf sín og færir henni þakklæti fyrir.

Nefndin fundaði með núverandi stjórnarmönnum hverjum fyrir sig. Á þeim fundum aflaði nefndin sér upplýsinga um framlag og framtíðarsýn stjórnarmanna, mat þeirra á starf stjórnar og annarra stjórnarmanna á yfirstandandi starfsári, samstarf og virkni stjórnarinnar, helstu áskoranir og tækifæri sem félagið stendur frammi fyrir og hvaða sjónarmið kynni að vanta í stjórnina.

Nefndin átti einnig fund með þáverandi forstjóra félagsins, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra lögfræðisviðs. Tilgangur þeirra funda var að fá álit þeirra á þeirri hæfni og þekkingu sem stjórn þarf að búa yfir, samstarfi stjórnar og stjórnenda og helstu áskorunum sem félagið stendur frammi fyrir.

Í lok desember voru birtar upplýsingar um starfsemi nefndarinnar á heimasíðu Reita og jafnframt kallað þar eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins. Auglýsing þess efnis var jafnframt birt á vefsíðu Nasdaq OMX. Í auglýsingunni var áhugasömum um stjórnarsæti gefið val um að skila inn framboði til stjórnar eða að koma eingöngu til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar þannig að trúnaðar væri gætt um persónuupplýsingar. Þá voru hluthafar sérstaklega hvattir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Nefndin hafði að auki samband við 15 stærstu hluthafa félagsins til að kalla eftir sjónarmiðum við skipan og samsetningu stjórnar og átti í kjölfarið fund með þeim átta hluthöfum eða hluthafahópum sem þess óskuðu og stóðu þeir hluthafar að baki um 55% útgefinna hlutabréfa í félaginu. Tilnefningarnefnd leggur í störfum sínum ríka áherslu á að ná fram viðhorfum hluthafa til félagsins og stjórnar þess og ekki síður væntingum þeirra til framtíðar. Á fundunum var því kallað eftir sýn hluthafanna á stöðu og árangur félagsins, frammistöðu núverandi stjórnar og hvaða eiginleika, hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmenn Reita þyrftu að hafa bæði sem einstaklingar og sem heild. Hjá mörgum hluthöfum kom fram að ekki væri heppilegt að gerðar væru of miklar breytingar á stjórn að þessu sinni og þá ekki síst í ljósi þess að nýr forstjóri myndi taka til starfa á næstunni og ekki væri heppilegt að gera miklar breytingar á stjórn á sama tíma.

Mat nefndarinnar

Við mat sitt á þeirri reynslu, þekkingu og hæfni sem stjórn Reita þarf í sameiningu að búa yfir horfði nefndin til eftirtalinna lykilþátta:

- Reynolds af stjórnarstörfum
- Reynolds af störfum fyrir skráð félög
- Leiðtogahæfni
- Þekking á og reynsla á góðum stjórnarháttum
- Þekking á fasteignaþróun og fasteignamarkaði
- Þekking og reynsla af stefnumótun
- Þekking og reynsla af fjármálamörkuðum
- Þekking á sjálfbærnimálum og samfélagslegri ábyrgð
- Þekking á skipulagsmálum í nútíð og til framtíðar
- Hæfni til samstarfs, stefnumörkunar og ákvarðanatöku
- Framtíðarsýnar og nýsköpunarhugsunar

Að auki var horft til:

- Samfellu í stjórnarstörfum, þ.e. að ekki verði of örar breytingar á stjórn
- Þörf á nýliðun, þ.e. að ekki verði of sjaldan breytingar á stjórn
- Fjölbreytni með tilliti til aldurs, kyns, menntunar, reynslu og bakgrunns
- Að meirihluti stjórnarmanna væri óháður félaginu og stórum hluthöfum

Það er niðurstaða tilnefningarnefndar, eftir að hafa rætt við núverandi stjórnarmenn, stjórnendur og þá hluthafa sem óskuðu eftir fundi með nefndinni, að leggja þyrfti áherslu á víðtæka reynslu af stjórnun og

stjórnarháttum, leiðtogahæfni, skilning á fjármálamarkaði, þekkingu á sjálfbærni og þeim kröfum sem viðskiptavinir og hluthafar gera í þá veru auk þekkingar og reynslu af stefnumótun og innleiðingu stefnu. Tillaga nefndarinnar endurspeglar þessar áherslur.

Fyrir liggur að einn núverandi stjórnarmanna gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en hinir fjórir gefa kost á sér áfram. Það er niðurstaða tilnefningarnefndar m.a. í ljósi samtala við núverandi stjórnarmenn, stjórnendur og hluthafa að gera það að tillögu sinni að einungis einn nýr stjórnarmaður komi inn í stjórnina að þessu sinni.

Í núverandi stjórn sitja tvær konur og þrjú karlar. Í samræmi við ákvæði 63. greinar laga um hlutafélög skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Þar sem kona hefur nú ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu er ljóst að nýr stjórnarmaður verður kona að öðru óbreyttu.

Innan þess frests sem settur var í auglýsingu til að fá umfjöllun hjá nefndinni bárust alls átta erindi. Um var að ræða hæfa einstaklinga með víðtæka reynslu, menntun og þekkingu. Í ljósi framangreinds kynjahlutfalls átti nefndin fund með þeim fjórum konum sem voru í þeim hópi.

Í viðtölum við þau, sem sitja í núverandi stjórn og sögðust gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, var spurt um framlag þeirra til stjórnar félagsins hingað til og hvernig þau teldu að reynsla þeirra og hæfileikar muni nýtast því til framtíðar.

Í viðtölum við aðra frambjóðendur var lögð áhersla á að fá fram af hverju viðkomandi hefði áhuga á að bjóða sig fram til stjórnarsetu í Reitum, hvaða hæfni, reynsla og þekking þeirra myndi nýtast í stjórnarstörfunum og þá sérstaklega spurt um reynslu af störfum fyrir skráð félög, þekkingu og reynslu af stjórnarháttum auk þekkingar og reynslu sem tengist stefnumótun, fasteignarekstri, skipulagsmálum, sjálfbærnimálum, fjármögnun og fjármálamarkaði. Þá var sérstaklega leitað eftir framtíðarsýn og leiðtogahæfni.

Að loknum viðtölum fór nefndin ítarlega yfir hvernig hvert og eitt þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu uppfylltu þau hæfnisviðmið og áherslur sem lagðar höfðu verið.

Nefndin mun ekki upplýsa um nöfn þeirra sem óskuðu umfjöllunar, önnur en þau sem nefndin leggur til að kjörin verði í stjórn enda trúnaði heitið þegar auglýst var eftir tilnefningum og framboðum. Nefndin vill þakka þann áhuga sem umsækjendur sýndu félaginu og störfum nefndarinnar.

Vert er að ítreka að einstaklingur sem nefndin gerir ekki tillögu um sem stjórnarmann í félaginu getur ávallt gefið kost á sér til stjórnarsetu með því að skila inn formi framboðs til stjórnar innan hins almenna framboðsfrests samkvæmt samþykktum Reita, þ.e. sjö sólarhringum fyrir aðalfund.

Nefndin áréttar þetta sérstaklega við þá einstaklinga sem tekin voru viðtöl við og mun í kjölfar birtingar tillagna þessara gera slíkt hið sama gagnvart þeim einstaklingum öðrum sem ekki rötuðu í tillögu hennar.

Tilnefningarnefnd leggur áherslu á jafnræði hluthafa og kynnti því ekki tillögur sínar fyrir neinum hluthöfum fyrir birtingu þessarar skýrslu.

Tillögur um stjórnarmenn

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtalin verði kjörin í stjórn Reita fasteignafélags hf. á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 6. mars 2024:

Anna Kristín Pálsdóttir: Hún er fædd árið 1987 og hefur ekki áður átt sæti í stjórn Reita. Anna er verkfræðingur (MSc.) frá Tækniháskólanum í Berlín og hefur nýlega látið af störfum sem framkvæmdastjóri hjá Marel þar sem hún starfaði síðustu 9 ár. Anna hefur yfirgripsmikla reynslu af stefnumótun og markmiðasetningu þar sem hún leiddi um árabil vinnu þvert á svið félagsins varðandi nýja tekjustrauma og fjárfestingastefnu í þróunar- og nýsköpunarvinnu. Þessi vinna var meðal undirstöðuatriða til að tryggja tvöföldun á tekjum félagsins, aukið vægi þjónustutekna sem og að félagið næði sjálfbærnimarkmiðum sínum. Anna hefur sömuleiðis um árabil verið í forsvari fyrir samstarf við helstu birgja og aðra samstarfsaðila um allan heim. Nú síðast starfaði Anna sem framkvæmdastjóri Marel í Norður-Ameríku sem er stærsta markaðssvæði félagsins og tryggði öflugt samstarf við lykilverðskiptavinini í Bandaríkjunum og Kanada. Áður starfaði Anna í höfuðstöðvum Volkswagen í Þýskalandi (2015) og þar áður á ritstjórn fréttastofu RÚV (2010-2015) þar sem hún meðal annars stýrði kosningaumfjöllun og fréttum af efnahags- og stjórnmálum. Víðtæk reynsla Önnu Kristínar ekki síst af stjórnun, stefnumótun og þróun er talin til þess fallin að styrkja stjórn Reita til framtíðar.

Elín Árnadóttir: Hún er fædd árið 1971 og átti sæti í stjórn Reita árin 2010-2019, þar af sem stjórnarformaður frá árinu 2010 til ársins 2015 í aðdraganda skráningar félagsins í kauphöll. Hún tók aftur sæti í stjórn Reita árið 2023. Elín er eigandi Menju ehf. sem sérhæfir sig m.a. í sölu og eldi á bleikju, ásamt fjárfestingastarfsemi. Hún er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og var aðstoðarforstjóri Isavia ohf. þar til í árslok 2022 og sinni þar á undan margvíslegum stjórnunarstörfum fyrir félagið allt frá árinu 2001. Í störfum sínum hefur Elín m.a. unnið að umbreytingum á viðskiptamódeli, unnið að framtíðaruppbyggingu, stýrt fjármálum, unnið að stefnumótun og góðum stjórnarháttum auk skipulagsmála. Víðtæk reynsla Elínar af stjórnun, stefnumótun, þróunarverkefnum og fjármálum ásamt fyrri reynslu og þekkingu á félaginu er til þess fallin að styrkja félagið til framtíðar.

Guðmundur Kristján Jónsson: Hann er fæddur árið 1988 og tók sæti í stjórn Reita árið 2023. Guðmundur er húsasmiður og löggiltur skipulagsfræðingur frá University of Waterloo. Hann starfar nú sem framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Genís hf. Reynsla hans af ráðgjafar- og stjórnunarstörfum spannar fjölbreytt svið sem nær þvert yfir opinbera- og einkageirann og endurspeglast vel í samskiptafærni og skilningi hans á samspili ólíkra hagsmunaaðila. Menntun og reynsla Guðmundar ásamt þekkingu hans á lýðfræði, fasteignarþróun, umhverfismálum og skipulags- og samgöngumálum er til þess fallin að nýtast félaginu í þróunarstarfi og stefnumótun til framtíðar.

Kristinn Albertsson: Hann er fæddur árið 1965 og tók sæti í stjórn Reita árið 2017. Kristinn er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem fjármálastjóri Samskipa samstæðunnar síðan 2007. Kristinn hefur verið formaður endurskoðunarnefndar Reita undanfarin fjögur ár. Reynsla Kristins af fjármálastjórn í stóru félagi á alþjóðlegum markaði er mikilvæg fyrir félagið og stjórn þess auk þess sem þekking hans á fjármögnun og rekstri félagsins sjálfs, eftir langa stjórnarsetu, nýtist því vel.

Þórarinn Viðar Þórarinsson: Þórarinn er fæddur 1954 og tók sæti í stjórn Reita árið 2009 og hefur verið formaður stjórnar frá árinu 2015. Þórarinn lauk Cand.jur prófi frá Háskóla Íslands 1980 og hefur starfað sem lögmaður frá 2002 á eigin lögmannsstofu, Advocatus slf. Þórarinn hefur setið í stjórnun fjölmargra félaga, m.a. félögum í olíudreifingu, fjármála- og fjárfestingarfélögum, fyrirtækjum í framleiðsluþnaði og þjónustu og útgerðarfélögum, bæði sem formaður stjórna og almennur stjórnarmaður. Hann var formaður/varaformaður lífeyrissjóðsins Framsýnar, nú Gildis, um 15 ára skeið. Hann hefur yfirgripsmikla þekkingu á stjórnarháttum, stjórnun, fjármögnun og rekstri fyrirtækja. Þórarinn hefur mikla innsýn í starfsemi félagsins eftir langa stjórnarsetu, hefur stýrt stjórnarstörfum af festu og tryggir samfellu störfum stjórnarinnar.

Frekari upplýsingar um frambjóðendur og þar á meðal upplýsingar um hagsmunatengsl er að finna í viðauka I.

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf.

12. febrúar 2024

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Hilmar Garðar Hjaltason

Margret G. Flóvenz

(sjá rafrænar undirritanir efst í skjali)

Viðauki I – Tillögur tilnefningarnefndar, upplýsingar um frambjóðendur

Eftirfarandi eru upplýsingar um þá frambjóðendur í kjöri til stjórnar á aðalfundi Reita fasteignafélags hf. þann 6. mars næstkomandi sem tilnefningarnefnd gerir tillögu um. Upplýsingarnar eru í samræmi við það sem krafist er skv. 2. mgr. 63 gr. a í lögum 2/1995 um hlutafélög og 17. gr. samþykka félagsins:

Nafn: Anna Kristín Pálsdóttir, kt. 150587-3449
Önnur stjórnarstörf: Engin
Menntun: Verkfræðingur (MSc.) frá Tækniháskólanum í Berlín
Starfsreynsla: Er ný hætt sem framkvæmdastjóri hjá Marel. Hefur starfað hjá Marel frá árinu 2015, sem forstöðumaður nýsköpunar- og þróunar, síðar sem meðlimur í framkvæmdastjórn félagsins og ábyrg fyrir nýsköpunar- og þróunarstarfi. Nú síðast var Anna framkvæmdastjóri Marel í Norður Ameríku. Sat í stjórn Tækniþróunarsjóðs 2021.

Hlutafjäreign í Reitum: 0 hlutir

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins, helstu samkeppnisaðila félagsins og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu eru engin og frambjóðandi lýsir því yfir að hann telur sig óháðan félaginu samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn: Elín Árnadóttir, kt. 110471-4599
Önnur stjórnarstörf: Engin
Menntun: Viðskiptafræðingur Cand.oecon frá Háskóla Íslands.
Starfsreynsla: Var aðstoðarforstjóri Isavia ohf. til ársins 2022 og starfaði hjá Isavia og forverum félagsins frá árinu 2001, sem forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og þróunar- og stjórnunarsviðs Isavia og aðstoðarforstjóri. Sat í stjórn Reita 2010-2019, þar af sem formaður 2010-2015 og svo aftur frá árinu 2023.

Hlutafjäreign í Reitum: 13.595 hlutir

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins, helstu samkeppnisaðila félagsins og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu eru engin og frambjóðandi lýsir því yfir að hann telur sig óháðan félaginu samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn: Guðmundur Kristján Jónsson, kt. 260688-2439
Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Sölu- og markaðsviðs hjá Genís hf.
Önnur stjórnarstörf: Stjórnarformaður Nebraska ehf.
Menntun: Skipulagsfræðingur frá University of Waterloo. Húsasmiður frá Tækniskólanum í Reykjavík.
Starfsreynsla: Hefur starfað við skipulags- og byggingarmál sem stjórnandi og ráðgjafi fyrir fasteignafélög- og sjóði, ýmis sveitarfélög, Vegagerðina og Betri Samgöngur ohf. Starfaði sem aðstoðarmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hefur haft aðkomu að rekstri og uppbyggingu sprotafyrirtækja sem stofnandi og ráðgjafi.

Hlutfjáreign í Reitum: 0 hlutir

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins, helstu samkeppnisaðila félagsins og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu eru engin og frambjóðandi lýsir því yfir að hann telur sig óháðan félaginu samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn: Kristinn Albertsson, kt. 060765-5969
Aðalstarf: Fjármálastjóri Samskipa samstæðunnar
Önnur stjórnarstörf: Situr í stjórnnum ýmissa félaga innan samstæðu Samskipa
Menntun: Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.
Starfsreynsla: Hefur starfað sem fjármálastjóri Samskipa sl. 17 ár og gegndi stöðu fjármálastjóra hjá Alfesca/SÍF í 11 ár þar á undan.

Hlutfjáreign í Reitum: 63.000 hlutir

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins, helstu samkeppnisaðila félagsins og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu eru engin og frambjóðandi lýsir því yfir að hann telur sig óháðan félaginu samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nafn: Þórarinn V. Þórarinsson, kt. 250654-2869
Aðalstarf: Lögmaður
Önnur stjórnarstörf: Er formaður stjórnar Líflands ehf. og Grana ehf. og meðstjórnandi í félögunum Nesbúegg ehf., Míla ehf. Forsum ehf. og Advocatus slf.
Menntun: Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands.
Starfsreynsla: Er starfandi hæstaréttarlögmaður á eigin lögmannsstofu, Advocatus slf. Var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands á árunum 1986-1999 og forstjóri Símans hf. frá 1999-2001.

Hlutafjäreign í Reitum: 450.000 hlutir

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins, helstu samkeppnisaðila félagsins og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu eru engin og frambjóðandi lýsir því yfir að hann telur sig óháðan félaginu samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Viðauki II - Starfsreglur tilnefningarnefndar Reita fasteignafélags

1. Inngangur

Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefin af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir nefnt „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“).

2. Markmið

Tilnefningarnefnd er ætlað að undirbúa stjórnarkjör á aðalfundi Reita fasteignafélags hf. („félagið“) og gera þar rökstudda tillögu um frambjóðendur til að taka kjöri í stjórn þess. Tillögur nefndarinnar skulu miða að því að stjórn félagsins sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi að fjölbreyttri þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar í á hverjum tíma. Sé efnt til stjórnarkjörs utan aðalfundar skal tilnefningarnefnd undirbúa kosningu með hliðstæðum hætti og á aðalfundi, þó með þeim breytingum á tímafrestum sem leiða af styttri fyrirvara.

3. Skipan tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum til eins árs í senn. Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið, sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í það minnsta einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn félagsins skal með aðalfundarboði leggja fram tillögu um kjör þriggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Hluthafar félagsins geta minnst viku fyrir fund gert tillögu um nefndarmenn og skal þá á aðalfundi kosið milli þeirra sem tillaga er gerð um.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Forfallist nefndarmaður skipar stjórn annan í hans stað.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar, m.a. á góðum stjórnarháttum og ákvæðum laga um skyldur stjórna hlutafélaga, sem og viðmiðum og venjum um hlutverk og starfshætti stjórna stærri félaga. Æskilegt er að nefndarmenn hafi góða samskiptahæfni og reynslu af því að greina hæfnisþætti sem virk þátttaka í stjórn félagsins kallar á. Að jafnaði skal við það miðað að nefndarmenn hafi haldgóða þekkingu á rekstri og stjórnarstörfum. Þess skal gætt að fulltrúar beggja kynja séu í nefndinni.

Starfskjör nefndarinnar skulu ákveðin á aðalfundi félagsins og taka mið af starfskjörum undirnefnda stjórnar með hliðsjón af ætluðu umfangi verkefnisins. Reynist umfang starfa nefndarinnar óvenju mikið á starfsári af ófyrirséðum ástæðum, s.s. vegna fleiri hluthafafunda, þar sem stjórnarkjör fer fram, getur stjórn félagsins greitt sérstaklega fyrir þá vinnu á grundvelli greinargerðar nefndarinnar þar um.

4. Hlutverk og ábyrgð

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart hluthafafundi við val á stjórnarmönnum félagsins. Í störfum sínum skal nefndin hafa heildarhagsmuni allra hluthafa félagsins að leiðarljósi.

Nefndin sinni verkefnum sínum m.a. með því að:

- a) setja sér starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum og skal við það miðað að starf nefndarinnar fari fram síðustu þrjá mánuði fyrir auglýsingu aðalfundar.

- b) kynna sér starfshætti stjórnar með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Nefndin skal eiga fundi með öllum stjórnarmönnum félagsins, hverjum fyrir sig, auk forstjóra þess til að afla upplýsinga um félagið, starf stjórnarinnar síðastliðið starfsár og fyrirséðar megináherslur í starfsemi þess næstu ár í því skyni að meta hvaða lykilhæfni og þekkingar er þörf á í stjórn félagsins.
- c) sjá til þess að á heimasíðu félagsins sé gerð grein fyrir hlutverki og skipan tilnefningarnefndar og hvernig koma megi ábendingum, tillögum og framboðum á framfæri við nefndina. Þar skal einnig bent á hvernig standa eigi að framboði til stjórnar að tillögum nefndarinnar birtum.
- d) kalla eftir tillögum hluthafa að frambjóðendum til stjórnarkjörs. Nefndin skal eigi síðar en 10 vikum fyrir aðalfund vekja athygli á undirbúningi stjórnarkjörs og auglýsa eftir tilnefningum og framboðum til stjórnar félagsins, sem berast skulu nefndinni eigi síðar en fimm vikum fyrir hluthafafund félagsins þar sem stjórnarkjör fer fram.
- e) gera tillögu um kosningu stjórnarmanna með hliðsjón af framangreindum markmiðum um samsetningu stjórnar og í ljósi hæfni, reynslu og þekkingar hlutaðeigandi frambjóðenda. Nefndin skal gæta þess að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutafélög og samþykka félagsins um skipan stjórnar og sé til þess fallin að stuðla að samheldni hluthafa.
- f) gera skriflega grein fyrir því hvernig nefndin hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Tillögur tilnefningarnefndar skulu kynntar í fundarboði aðalfundar og vera aðgengilegar hluthöfum á heimasíðu félagsins eins fljótt og kostur er, en a.m.k. þremur vikum fyrir fundinn. Nefndin skal jafnframt tryggja að önnur framboð sem borist hafa og metin hafa verið gild verði kynnt á heimasíðu félagsins minnst sex sólarhringum fyrir fund. Nefndin skal gera grein fyrir störfum sínum og tillögum á aðalfundi félagsins.
- g) meta hvort tilefni sé til breytinga á starfsreglum nefndarinnar og þá kynna þær stjórn og hluthöfum á aðalfundi eða eftir atvikum á hluthafafundi félagsins.

5. Heimildir

Tilnefningarnefnd er heimilt að leita til stjórnar og undirnefnda stjórnar til að afla viðeigandi upplýsinga til að sinna hlutverki sínu. Þá er nefndinni rétt að hafa leita eftir tillögum og sjónarmiðum hluthafa. Ávallt skal gæta að jafnræði hluthafa.

Óski tilnefningarnefnd eftir gögnum eða upplýsingum frá félaginu eða aðgangi að starfsmönnum félagsins skal hún koma beiðni um slíkt á framfæri við forstjóra félagsins. Forstjóri skal hafa samráð við regluvörð félagsins um það hvort tilefni sé til að færa nöfn nefndarmanna á lista yfir innherja í félaginu á meðan á störfum nefndarinnar stendur. Telji nefndin sérstakt tilefni til að afla sér ráðgjafar um tiltekin álitæfni er henni, að fengnu samþykki stjórnar, heimilt að efna til útgjalda er því tengjast.

6. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varðar málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Svo samþykkt á aðalfundi félagsins þann 10. mars 2020

Viðauki III – Tillaga til breytinga á starfsreglum tilnefningarnefndar Reita fasteignafélags

Í d lið 4. gr. gildandi starfsreglna tilnefningarnefndar segir að tilnefningar og framboð til stjórnar félagsins skuli berast nefndinni eigi síðar en fimm vikum fyrir hluthafafund félagsins þar sem stjórnarkjör fer fram. Þá segir í f lið sömu greinar að tillögur tilnefningarnefndar skuli kynntar í fundarboði aðalfundar og vera aðgengilegar hluthöfum á heimasíðu félagsins eins fljótt og kostur er, en a.m.k. þremur vikum fyrir fundinn. Þetta þýðir að einungis tvær vikur líða frá því fresti til að skila tilnefningum eða framboði til tilnefningarnefndar lýkur og þar til nefndin þarf að hafa lokið störfum. Til að greiða fyrir störfum nefndarinnar og tryggja enn betur faglega umfjöllun um alla sem óska umfjöllunar hjá nefndinni leggur nefndin til að frestur skv. d lið verði eigi síðar en **sex** vikum fyrir hluthafafund félagsins þar sem stjórnarkjör fer fram.